

Nr. 1086

30. desember 2009

## AUGLÝSING um gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps 2010.

### 1. gr.

Vatnsskattur verður 0,20% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagnning verður kr. 30.000 á sumarhús og kr. 30.000 á íbúðarhús en lágmarksálagnning verður kr. 12.000 á sumarhús og íbúðarhús.

Fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fá 30% afslátt af vatnsskatti.

### 2. gr.

Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 271.522.  
Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtoldu einu íbúðarhúsi eru kr. 444.755.

### 3. gr.

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 12.000.

### 4. gr.

Auglýsing þessi er samin skv. heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu og fellur þá úr gildi gjaldskrá nr. 1261/2008 um kaldavatnsveitu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 30. desember 2009.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2009